

Nr. 015 / 10 Litli Hamar SH 222**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1773
Smíðaður: Akranesi 1987 plast
Stærð: 10,2 brl. 13,8 bt.
Mesta lengd: 11,11 m *Skráð lengd:* 11,08 m
Breidd: 3,64 m *Dýpt:* 1,4 m
Vél: Cummins 187 kW 2003
Fjöldi skipverja: 2



Litli Hamar ©Guðmundur ST Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. janúar 2010 var Litli Hamar SH 222 á línuveiðum um 13 sml NV af Rifi. Veður: SA 4-5 m/sek.

Um morguninn þegar verið var að draga línuna svaraði skrúfan ekki og þegar að var gáð hafði skrúfuöxullinn gengið aftur úr öxultenginu sem er aftan við girinn.

Skipstjóri taldi ekki tök á viðgerð og óskaði eftir aðstoð björgunarskipsins Bjargar sem kom og dró Litla Hamar til Rifshafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að tengið var klofið flangstengi og við skoðun á því var sýnilegt að klofið var alveg hert saman og splitti sem skrúfað var ofan í öxulinn hafði brotnað;
- að ekki er vitað hvort sama málkerfi var á skrúfuöxli og flangsinum (tommumál eða metramál).

Nefndarálit:

Telja má líklegt að flangsinn hafi ekki fengið fulla herslu utan um öxulinn þar sem klofinn var alveg hertur saman.